

HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, JÚNÍ, 1905.

NR. 6.

*Því dylur þú þinn vorsöng nýju vori,
þótt vetrar uglur segi myrkt oss kringum?
Og hvi að hika' og hiksta' í hverju spori,
þótt hljóð sé ekki veitt á öllum þingum?
Nei, láttu söng þinn svella' á hæsta stig!—
Og ef þú hefir eitthvað nýtt að segja,
og einhveru nýjan vegarspotta fundið,
sem gæti önd við æðra takmark bundið,
þá ættirðu' ekki' að skelfast við og þegja,
né vera hundrað ár að átta þig.
Því sorglegt er, að entu löngu skeiði,
þau afglöp sjá, að hafa villtur farið,
og hafa' í sóti' og svælu kröftum varið,
en sólskin getað haft og besta leiði.
Og seint er þá að sjá vort æfi hringsól,
er síðsta dómi' er nægt á lífs vors þinghól.*

Viðar.



Hvar ströndum vér?

FYRIRLESTUR, FLUTTUR Á KYRKJUFINGI UNITARA Á GIMLI 2. APRÍL 1905.
eftir

Síra MAGNÚS J. SKAFTASON.

Það kann nú mörgum að finnast, að eg hafi hér ótilhlýðileg orð, er eg í baráttu vor Unitara kem fram með þessa spurningu: hvar ströndum vér?— eins og væri Unitarar strandaðir, og gætu aldrei sett upp seglin frammar. En eg á eiginlega ekki við það, heldur við hinn þunga andröður, sem vér höfum haft alla daga, við þessa harðkleifu múrveggi, sem vér þurfum yfir að stíga, sem stundum alveg stöðva ferð vora, svo að vér stöndum ráðalausir uppi við þessa skergarða, sem liggja beint fyrir stafni, og virðast munu brjóta skipin í spón, sem siglt er inn á milli þeirra.

Það hefir verið sagt, að hin unitariska hreyfing meðal Íslendinga hafi fyrst byrjað í Winnipeg. Það getur vel verið; eg veit eiginlega ekkert um byrjun þeirrar hreyfingar, nema það, að Björn sál. Pétursson kom þangað, og svo hitt, að sú hreyfing hafði engin áhrif á Ný-Íslendinga. Björn sál. Pétursson held eg að hafi einu sinni komist ofan til Nýja Íslands í þeim erindum, að boða mönnum trú, en fékk engan, eg held ekki einn einasta mann til að hlusta á sig, og svo var það búið. Það, sem eg vil minnst á, og það sem vakti Ný-Íslendinga til að íhuga trú sína, var það, að einhvern veginn án þess að taka eftir því, flutti eg ræðustúf, þar sem eg neitaði eilífri fyrirdæmingu, og bærust fréttir um það sem hvalsaga upp til Winnipeg, og formenn kyrkjufélagsins gjörðu þegar út menn, sr. Hafstein Pétursson og Árna Friðriksson, til þess að fá mig til að kalla attur. Eg hafði aldrei flutt neinar vítiskeningar, en þegar svona var brugðist við, er eilífum þínslum helvítis var neitað, þá fóru menn að hugsa sig um, þá fóru menn fyrst að rannsaka, hvað það væri sem þeir trúðu. Síra Hafsteinn sat yfir mér einn eða tvo daga, og vildi grafást eftir, hvað eg meinti með þessu, og hvert eg stefndi, en eg sagði honum, að eg vildi leita eftir

því, sem eg finndi sannast og réttast, og því ætlaði eg að reyna að fylgja. Og svo var um alla féлага mína í hreyfingu þessari.

Vér sáum það svo glögg, að Kristur hafði kennt eilíft víti, hvað eftir annað, eins og sjá má af fjallræðunni, skírinni, dómnum á dómsdegi, djöflaútrekstrinum o. fl., er eg oftlega hef á drepið. Vér sáum því glögg, að vér þurftum að fara að rannsaka ritninguna, vér höfðum áður lesið hana eins og hálfvitar eða óvitar, og svo lásum vér og og lásum, og niðurstaðan varð sú, að bókstaflegur innblástur hennar, heilagleiki og sannleiksgildi fór allt forgörðum, og ein trúarkenningin eftir aðra leið sem reykur í loft upp. Vér vildum leita eftir sannleikanum, vér vildum losna við hinar viðbjóðslegu hugmyndir um ófullkominn, grimman og hefningjarnan guð, og vér sáum það allt sópast burt sem niðurlægði skaparann, og gjörði hann stafkörlum og ræningjum verri.

Hvort urðum vér nú verri menn og óguðlegri, eins og sumir segja, við þetta? Eg held ekki; ekki vita menn til, að glæpir hafi nokkuð vaxið hjá þessum mönnum. Oss varð eðlilega eins og flestum öðrum, sem fá nýjar hugsjónir og reyna að berjast fyrir þeim. Vonirnar, hugmyndirnar hrifu oss með sér. Hjörtu vor fylltust fögnuði óslökkvanlegra eftirlangana og brennandi vona. Augnamið vort var það, að reyna að losa sem flesta við þenna seigþínandi, slítandi ótta, ótta fyrir helvíti og kvölunum, ótta fyrir reiðum og hefningjörnum guði. Oss fannst vér sjálfir verða svo léttir og glaðir, ánægjan með sjálfa oss varð meiri, elskan til guðs varð svo miklu heitari, elskan til lífsins, náttúrunnar, mannanna, varð svo miklu sterkari, veglegri og fegurri. Það var eins og vér vildum vefja allt örmum hins heitasta og hreinasta kærleika, mennina, mannlífið, náttúruna og skaparann föður og höfund alls þessa. Og oss sýndist vegurinn svo sléttur og krókalaus. Steina og hellur sáum vér ekki á leiðinni svo stóra, að oss mundi ofaukið að velta þeim. Vér vildum berjast fyrir þessu, fyrir hinu sanna og tagra og góða. Nú fyrst fannst oss heimurinn, réttlætið og kærleikurinn brosa við oss. Þaráttuna sáum vér fyrir, en vér gengum glaðir og öruggir út í hana. Vér sáum það, að jafnframt því, að berjast á móti kenningunni

um víti og reiðan og grimman guð, þurftum vér að brjóta niður bókstaflegan innblástur biblíunnar, sem allar kenningar kyrkjunnar eru byggðar á, sem þær standa og falla með. Vér þóttumst þekkja svo vel skilning og greind þjóðar vorrar, að undir eins og mönnum væri bent á þetta, þá mundu menn sjá það, og þá mundi ástin til sannleikans vera svo rík hjá mönnum, að þeir mundu, konur sem karlar, drekka í sig þessar nýju hugmyndir, og þær mundu fegra, helga og göfga allt þeirra líf. Vér vonuðumst eftir því, að menn mundu nú kasta burtu öllum óhreinleika, fláttskap, lýgi, hræsni, hugleysi. Vér ætluðum að reyna að leggja vorn litla skerf til þess, að sól kærleikans, fegurðarinnar og sannleikans gæti farið að lýsa upp mannlífið.

Þó að vér sæjum enga Sisyfúsar steina á leiðinni, þá sáum vér þó baráttuna fyrir höndum, og hana harða og stranga, en vér treystum því, að vér gætum opnað augun á mönnum, svo að þeir færu að sjá það, sem vér sáum, og eg held oss hafi tekið það furðanlega. Oss brást ekki álitid á löndum vorum hvað vitsmuni þeirra snerti. Það liggur lítill eða enginn efi á því, að hver sá, sem rannsakar og prófar þetta allt saman, eins og vér gjörðum, hann sér það glögg, hvernig menn öldum saman hafa verið teymdir í *háböndum heimsku* og *oftrúar*. Vér treystum því, að vér þyrftum ekki annað en benda mönnum á það, hvað væri satt og hvað væri ósatt, þá mundi ástin til sannleikans vera svo rík í hjarta hvers eins manns, að allt mundi ganga af sjálfu sér,— menn mundu náttúrulega vilja fylgja sannleikanum en hafna lýginni, því að sannarlega mundu menn þó aldrei fara að tilbiðja og dýrka guðdómlega lýgi, eða með öðrum orðum, fara að bisast við að trú því sem heilögum sannleika, sem þeir hefði áreiðanlega vissu fyrir, að væri ósannindi ein.

En eins og oft hendir ungan, þá rákum vér oss á það, að vér vorum börn í þessu, því að margir urðu þeir, sem lásu og rannsökuðu og skildu þetta allt saman, alveg eins og vér, en voru þó ekki með oss. Vér reyndum við þá, fjölda þeirra, á allar lundir, sem oss gat hugsast, en þeir voru harðir eins og steinar. Það voru þá svo ótalmörg atriði, sem hömluðu þeim frá, að gjörast félagar vorir. Það var þessi gamla saga: „Konu hefi eg

mér festa; akur hefi eg keyptan“ o. s. frv., sem stóð í vegi. Það var konan eða maðurinn eða foreldrarnir eða vinirnir eða pólitíkin eða atvinnan eða hagnaðurinn. Það dugði ekki fyrir þá að fara að gefa sig í þetta. Vér strönduðum þarna við einstaklingana í byrjun. Vér höfum strandað við heila hópana síðan. Hvað kemur til þess, vinir mínir, að jafn fagurt og elskulegt málefni skuli stranda *svona*? Hvað kemur til þess, að vér skulum hvað eftir annað *reka oss á* þenna illkleifa eða ókleifa vegg? Hvað kemur til þess, að *sannleikanum* og *fegurðinni* skuli ekki vera veitt betri móttaka?

Þessar spurningar fóru smátt og smátt að koma upp í huga vorum. Vér vorum í fyrstu tregir til að trúá því, að þetta gæti verið *svona*, vér héldum að það væri einhverjum klaufaskap vorum að kenna. Eg man svo oft eftir því bæði í Nýja Íslandi og Winniþeg, að vér áttum tal um þetta hvað eftir annað. Það var eins og enginn skildi í því, hvernig þetta gæti verið, og menn komu með ýmsar ástæður fyrir því, að hinn eða þessi væri ekki með. Þær áttu sér náttúrlega stað þessar aukaástæður, en aðalástæðuna sáu menn ekki. Á þeim dögum átti eg oftlega tal við marga hina merkustu menn, suma sem gengnir voru úr kyrkjuni, og voru með *svona* að hálfu leyti en ekki öllu, suma af vorum eigin flokki, og eg man það svo vel, að þeir komu með ótal ástæður fyrir því, en sjaldan hinar verulegu. Og þegar eg fór svo að tala utan að því, hver væri aðalástæðan, þá skildu menn mig ekki. Segði eg þeim hana að kveldi, þá mundu þeir hana ekki að morgni, og voru jafnt í myrkrunum sem áður hvað þetta snerti. Það gat ekki snert nokkurn streng hjá sjálfum þeim, og svo fór það inn um annað eyrað en út um hitt.

Til að skýra þetta vil eg skifta mönnum í tvo flokka: þá, sem lesa, hugsa og skilja eða reyna að skilja það, sem þeir lesa, og hinsvegar hina, sem lítið eða ekki lesa, og hugsa sem minnst um annað en hin allra nauðsynlegustu daglegu störf. Menn sáu það fljótt, hver ástæðan var, að þeir voru ekki með, sem ekkert lásu og ekkert hugsuðu; þeir hlutu að trúá. Fyrir þeim var barnatrúin með friðþægingu, bókstaf og fyrirdæmingu hinn háleitasti helgidómur. Vér skildum það vel allir, hversvegna þeir

voru ekki með, þeir g á t u e k k i annað en haft á oss óbeitt og hatur. Þeir voru jafnvel hræddir við oss. Þetta mál vort stóð svo langt fyrir ofan allan skilning þeirra, og þeir héldu, að þetta væri allt saman vélabrögð djöfulsins til að freista þeirra, svo að þeir skyldu glata sálum sínum, blessuðum sálunum, sem þeim var svo annt um, blessuðum sálunum, sem prestar þeirra áttu að ábyrgjast fyrir dómstóli hins hæsta. Hjá þessum mönnum, konum sem körlum, var lesturinn lítill, þekkingin því minni, og skilningurinn enginn. Það var eins og menn töluðu við þá á útlendu máli, sem þeir ekki skildu, og svo þegar viljinn var enginn að fræðast, þá geta menn fljótt séð, að það var ekki til nokkurs hlutar að reyna að eiga við þá, reyna að sýna þeim, að til væri fegurri og betri hugmyndir, en þeir höfðu; það hefði verið sama og að berja höfðinu við steininn. Eg er ekki að segja, að þetta hafi verið vondir menn og konur, langt frá, en þeir *skildu ekki*. Þessa menn má telja í hundraða og þúsunda tali, og eg skal gjarnan gefa það eftir, að þeir standi á því stigi, hvað snertir andlegan og siðferðislegan þroska, að þeim sé hentari trúin á eilíft helvíti en trúin á eilíft réttlæti og kærleika.— Mér kemur nú til hugar samtal, sem eg átti einu sinni við síra Hafstein út af ræðuefni nokkru. Eg var eitthvað að spyrja hann hversvegna hann flytti ekki ræður þess efnis á stólnum. En síra Hafsteinn hristi höfuðið, varpaði mæðulega öndinni og sagði, að það væri ekki til neins, það væri fyrir ofan fólkið, það skildi það ekki. Og mig minnir það væri Kristur, sem sagði að ekki skyldi kasta perlunum fyrir svínin. Eða eitthvað því líkt var það, sem þá kom í huga mér.

Þessir menn geta verið og eru oft dagfarsgóðir menn, þeir hugsa um það, að spilla ekki fyrir sálum sínum, þeir elska ósköp mikið kyrkjuna sína og blessaðan prestinn, sálusorgarann sinn. Þeim finnst vanalega svo mikið til um það, hvað honum segist vel í stólnum, blessuðum. En eiginlegar siðferðishugmyndir hafa þeir ekki til, nema þær, sem kyrkjan og mannlífið ber og lemur inn í þá.

En nú eru hinir, hinn flokkurinn manna, sem les og skilur og hugsar og ályktar. Hversvegna eru þeir ekki með? Eg á

eiginlega ekki við þá, sem eru í lúthersku kyrkjunni og hafa drukkidið inn í sig með móðurmjólkinni hina lúthersku lærdóma og melt þá með sér, heldur við alla þá, sem sjá og skilja sannleiksgildi þessara lærdóma, því að oss dylst það ekki, að heilir hópar frjálslyndra manna bæði innan kyrkju og utan standa fyrir utan hreyfingu vora og vilja ekki í henni vera. Þeir bera við hinu og þessu sem orsök, að þeir sé ekki með oss, en aðalorsökina hefi eg aldrei heyrt menn bera fyrir af þeirri eintöldu ástæðu, að mönnum hefir ekki komið hún til hugar. Eg veit það vel, að þegar eg fer að nefna hana, þá verður annarhvor maður til þess að segja, að þeir hafi þekkt hana fyrir löngu, þeir hafi séð það fyrir löngu, og þessvegna hafi þeir ekki viljað vera með. En eg vil segja það, hvað mig snertir, að mér kom hún í fyrstu ekki til hugar, og hefi eg þó nokkuð fengist við þetta málefni, en smátt og smátt, þegar árekstrarnir fóru að verða tíðari og tíðari, þá fór þó að bóla á því í huga mínum, hvort það virkilega gæti verið svona. Eg var þá eins og Tómas postuli trúlaus á það í fyrstu. En brátt fór mér að verða það skýrara og skýrara. Mér féll það afarilla, og var að reyna að berja þessar hugmyndir niður hjá mér og telja mér trú um, að það væri allt annað. En eg gat það ekki. Sannfæringin um þetta varð einlægt sterkari og sterkari. Eg fór að geta rakið fleiri og fleiri þræði í þessum gordiska hnút, og allir sönnuðu þeir hið sama. Þá fór eg líka fyrst að sjá og skilja til fullnustu, hve afarmikið verk það var, sem vér höfðum tekið oss fyrir hendur. Það var miklu meira og erviðara en vér höfðum ætlað í fyrstu, og þjuggumst vér þó aldrei við, að vér mættum sitja sofandi yfir því. Oss fór eins og kyrkjumönnum, er þeir ganga út frá því sem sjálf-sögðu, að biblían sé guðdómlega innblásin og kenningar kyrkjunnar guðdómlega sannar, og þetta hvorttveggja þurfi engra sannana með, um það þurfi ekkert að hugsa og þessvegna sé óhætt og sjálfsagt á því að byggja. Vér tókum einn hlut eða réttara atriði eitt sem sjálfsagt og sannað, sem ekki var sannað að neinu leyti, og gat þessvegna ekki verið sjálfsagt, eins og menn vanalega skilja það orð. En þetta atriði var spurningin um það, hvort landar vorir *stæðu svo hátt á andlegu þroskastigi*

að það væri ráðlegt og framkvæmanlegt, að boða þeim unitaríska lærdóma.

Eg hefi stundum bent á það, að siðgæðishugmyndirnar—hugmyndirnar um hið góða sanna og fagra—væri mönnum ekki meðskapaðar. Barnið er laust við þær, villtar þjóðir hafa þær á mjög lágu stigi. Adam og Eva, eða hinir fyrstu menn, hvað sem þeir kallast, voru siðlausir. Dýrið er siðlaust (without morality) og því nær sem menn standa hinu dýrslega eðli, því siðminni eru menn, því sljófari eru allar þessar fögru hugmyndir. Þetta er eðlilegt, þegar menn líta til þess, að hugmyndirnar um hið sanna, fagra og góða verða að myndast og þroskast hjá hverjum einum.

Það sem myndar þessar hugmyndir hjá hverjum einum er allt, sem hann lærir af öðrum. Hjá hinum fyrstu mönnum gátu þær því ekki verið nema ósköp ófullkomnar. Í sögu mannkynsins getum vér fyrst séð þær, eftir að þær hafa verið að myndast og batna og fullkomnast í marga tugu eða hundruð þúsundir ára eftir að ótal margir kennarar, fræðendur og spekingar hafa verið búnir að fjalla um þær, og þó voru þær svo ósköp ófullkomnar í mörgum greinum, eins og vér sjáum, þegar það þótti ekki vítavert hjá forfeðrum vorum að bera út börn, að lífláta menn. Hjá fornþjóðunum, Egyptum, Assýrum, Gyðingum, voru her-teknir menn deyddir í þúsundatali, hjá villiþjóðum hér á norðurströndum Ameríku hefir það allt til þessa verið siður, að bera út eða deyða sjúka menn og aldraða, börnin lífláta þannig for-eldra sína, einkum þegar hart er í ári, og þykir þetta allt vera sjálfsgagt, og finnur enginn að. Indverjar hér í álfu bundu her-tekna óvini sína við staura, píndu þá þar fyrst á allar lundir, hlóðu síðan köst að fótum þeirra og brenndu þá lifandi. Sumar villiþjóðir hafa meira að segja etið óvini sína lifandi, og hefir það líklega verið alsiða áður fyrri. Smátt og smátt hefir þetta þó lagast, en til þess hefir gengið ákaflega langur tími. Á öllum öldum, hjá öllum þjóðum, hjá öllum trúflokklum hafa prestarnir haft á höndum alla siðalærdóma. Þeir búa sér til siðareglur, siðakerfi, og með því að þetta verða smátt og smátt trúarlær-dómar, þá er siðareglunum slegið föstum, þær eru láttnar vera

guðdómlegt boðorð, sem allir verða að hlýða, og svo hlýða menn, kenna og prédika siðalærdóma, sem búnir voru til fyrir einu, tveimur, þremur þúsundum ára. Nú t. d. lifa menn eftir siðalærdómum þeim, sem búnir voru til sumpart fyrir tveimur, sumpart fyrir þremur til fjórum þúsundum ára. Andlega og siðferðislega eru menn því að reyna að líkjast þeim mönnum, sem stóðu á því siðferðisstigi, er talið var gott og gilt fyrir þrjú þúsund árum.

Eg segi að mönnum lærist þessar hugmyndir. Fremur öllum öðrum á móðirin þátt í því, að vekja þessar hugmyndir hjá börnum sínum. Það er æfinlega móðirin, sem lætur sér mest annst um börnin sín, hún elskar þau oft meira en sitt eigið líf, hún vill láta þeim í té allt hið bezta, sem hún getur, hún vill gæða þau öllum þeim fjársjóðum, sem hún á bezta í eigu sinni. En nú er hún frædd af prestunum, hefir drukkið inn í sig lærdóma kyrkjunnar, og hún ætlar, að þessir lærdómar sé nauðsynlegir til sálhjálpar sinnar eigin og barna sinna. Þessvegna verða það lærdómar kyrkjunnar, sem mynda og móta sálarlíf barnanna. Móðirin er undirkennari prestanna eða kyrkjunnar. Allar þær hugmyndir, sem vér því höfum um mannlíf, veröldina, um hið sanna, fagra og góða, eru þessvegna í fyrstu skapaðar, mótaðar, lagaðar af kyrkjuni. Þær kunna að breytast, þessar hugmyndir, hjá mönnum, sem læra og fræðast eitthvað meira, eitthvað utan kyrkju. En undirstaðan er kyrkjunnar. Að þessu leytinu á hún því menn með lífi og sál, með húð og hári. Og margur maðurinn, sem þykist vera búinn að brjóta af sér fjötra prestanna og kyrkjunnar, hann veit ekki af því, að hann sýnir það í framferði sínu, í hugsun sinni, í tali sínu, kannske í allri lífsstefnu sinni, að hann ennþá er *andlega þrælbundinn á klafa kyrkju þeirrar, sem hann hatar.*

Þegar vér nú förum að hugsa út í það, þá sjáum vér, að grundvöllurinn fyrir siðalærdómi kyrkjunnar er glæpur, það má kalla það *heilagan glæp* eða *guðdómlegan glæp*, en hvernig sem menn snúa sér í því máli, þá er og verður það alla daga glæpur. Og þetta er hin *fegursta, göfugasta, háleitasta, helgasta* hugmynd, sem kyrkjan, rétttrúnaðurinn á til í eigu sinni. Það er

þetta: „Svo elskaði guð heiminn, að hann gaf út sinn eingetinn elskulegan son til þess að allir þeir, sem * tryðu, skyldu öðlast eilíft líf.“

Eg er ekki að fara út í það, hvornig hún sé til orðin, eða hvaðan hún sé komin, þessi hugmynd, þó að eg viti það vel. Það er nóg að benda á það, að hún er grundvöllurinn, sem fedur vorir og mæður hafa byggt á hið andlega og siðferðilega göfgi sitt, sína æðstu réttlætishugmynd öld fram af öld. Það er þessi guðdómlegi kærleiki, sem kemur fram í fórnardauða Krists og friðþægingu hans fyrir syndir allra manna. Þetta atriði tekur kyrkjan nú, þvær það og pólerar og gyllir, svo að það verður við fyrsta álit skínandi og ljómandi, og fram fyrir þetta málverk leiðir hún svo börnin sín og segir á þessa leið: Ljúkið nú upp augum yðar, elskuleg börn, og lítið á þetta málverk. Þarna sjáið þér geisla guðs himneska kærleika og óendanlegu miskunnsemi; þarna sjáið þér þennan óútgrundanlega kærleikans leyndardóm, þar sem himnafaðirinn tekur heilagan son sinn, elskaðan af ótæmandi guðdómlegum kærleika, tekur hann og lætur hann *saklausan* líða fyrir hinn seka, fyrir allar syndir bófanna, fantanna, morðingjanna, lygaranna. Engin lýgi er svo svört, að Kristur hafi ekki borið hana upp á krossinn, engin hræsni svo svívirðileg, að Kristur hafi ekki borið hana, ekkert meinsæri svo voðalegt, að Kristur hafi ekki borið það, engin blóðsuga hefir sögið svo fé út úr vasa ekknanna og hinna munaðarlausu, að Kristur hafi ekki borið það, og þar með aflað eilíftrar fyrirgefningar og unaðsfullrar sælu öllum þessum, sem þessi verk drýgðu. Þeir þurftu að eins að iðrast og trúá, svo máttu þeir sletta öllu saman upp á Krists herðar. Já, hann hefir vitað hvað hann bar, maðurinn eða guðinn sá.

Ætlið þér nú virkilega, vinir mínir, að það sem byggt er á þessum grundvelli verði happadrjúgt til þess, að lyfta mönnum hærra og hærra, til andlegs atgjörvis, til betra og elskulegra siðgæðis, til þess að vekja göfugar hugmyndir, háleitar vonir, vekja elsku til hins sanna, fagra og góða, vekja óslökkvandi þrá og löngun til þess að efla það og styrkja. Og aftur á hinn bóginn vekja djúpan viðbjóð á öllu því hinu svívirðilega, lága og ó-

hreina, og löngun til að hrinda því frá sér, losast við það, komast svo langt í burtu frá því, sem mögulegt er? — Eg fyrir mitt leyti get ekki séð annað, en að þetta sé *harðsnúinu* fjötur á anda mannsins, og hefti hann frá að lyfta anda sínum hærra og hærra, upp á hæðir andlegs atgjörvis, siðgæðis og göfgi.

En vér þurfum ekki annað, vinir mínir, en að líta til baka, og þá munum vér fljótlega sjá, að þessar kenningar kyrkjunnar, sem eg hefi lýst, og fleiri þeim áþekkar, voru vögguljóðin vor á barnsaldrinum, það voru allt saman kennarar og undirkennarar kyrkjunnar, sem kveiktu hið fyrsta andans og siðgæðisins ljós í hjörtum vorum, það voru menn og konur, sem voru uppfrædd og uppalin við þessa lærdóma, þessar hugmyndir hins sanna, fagra og góða. Ástvinir vorir vildu gæða oss þeim fjársjóðum, sem þeir áttu bezta til, og þeir voru einmitt þetta. Þetta var hið fyrsta hugmyndalíf vor allra, sem eldri erum. Margir af oss hafa síðan vaknað til hugsunar um, að til væri annað betra. En —nú kemur spurningin: Höfum vér getað umsteypt sálum vorum, kastað því gamla, sem oss þótti lágt og ófullkomið, og tekið upp aðrar nýrri, göfugri og hærri hugmyndir og hugsjónir? *Höfum vér getað steypt svo úr kerinu, að ekki sé eftir dreggjjar í löggunum?*

Lítum nú á, hvernig eru viðtektir þær, sem mál þetta hefir fengið. Einstöku menn hafa verið að reyna að halda því á lofti, en alloftast hafa undirtektirnar verið í mesta lagi daufar, það hefir þurft að dekstra mönnum, draga menn, kjassa menn til þess að fá að hafa nöfnin þeirra á lista vorum, þeir hafa gjört það sem annað gustukaverk, og svo hefir það þá oftlega ekki verið annað en nafnið eitt, sem vér höfum fengið. Maðurinn sjálfur vill ekki vera með, hann vill ekki vinna með oss, vill ekki leggja neitt fram til að styrkja oss. Það er eins og hann skammist sín að vera í flokki vorum. Hann hleypur í felur, ef eitthvað á að gjöra, hann reynir að flýja svo langt í burtu frá oss, sem hann getur. Sjaldan heyrast raddir frá vorum flokki opinberlega, sem hvetji menn til stuðnings málefni voru, sem vilji þoka því áfram um hænufet eitt. Bláðamennirnir, skáldin, þjóðmálagarparnir, menntamennirnir, sem eru að fræðast, allir

þegja. Af einhverjum ástæðum hafa þeir tunguhaft. En heyr-ist einhverjar raddir frá vorri hálfu, þá er því enginn gaumur gefinn, það er þá rétt eins og heyri menn *hundgá í fjarska* eða *úlfapyt í skógum úti*, og skjótlega leggja menn lykkju á leið sína til þess að sneiða hjá vögum þessum. Þeir, sem þá fælast oss, eru ekki andstæðingar vorir, heldur vinir vorir, sem þeir kalla sig. Andstæðingar vorir þegja, þeir sjá þann kostinn beztan, og þeir ætlast til, að úlfarnir rífi hver annan í sundur. Enda vita þeir vel, að svangur úlfur er skaðræðis dýr.

Í Dakota reyndu nokkrir frjálsslyndir menn, — sumir þeirra hinir mestu ræðuskörungur og beztu menn, sem vér eigum, — að mynda frjálsslynt félag. En kuldinn og afskiptaleysið og þrekleysið landans varð því að tjörlesti, og var þó fjörmikið um tíma. Og heyri eg, að sumir þeirra, sem þar voru með, sé nú orðnir kyrkjústólpar miklir. Í Selkirk var myndaður söfnuður eftir langa og harða baráttu. En söfnuðurinn dó brátt, og Selkirk er nú eitt af uppáholdshreiðrum kyrkjunnar. Í Minnesota var myndaður söfnuður, en er nú dauður. Í Pine Valley var söfnuði komið á fót, sem nú liggur banaleguna. Í Dakota var einnig myndaður söfnuður með eitthvað 60 nöfnum, en hann sálaðist rétt eftir fæðinguna, og hefir þó Dakota haft orð á sér að vera í fremstu röð hinna íslenzku byggða. Í Nýja Íslandi og Winnipeg vitið þér sjálfir, hvernig baráttan hefir gengið. Það hefir verið svona alstaðar. Það er eins og mæti manni einhver kuldablástur frá jöklum ofan, þegar menn fara að berjast fyrir þessu fagra málefni. Það kemur í mann skjálfti, og hrollurinn nístandi kaldur gagntekur hjarta og sál. Eg segi yður það satt, vinir mínir, að það getur enginn lifandi maður dæmt fyllilega um það eða fundið það og skilið, nema sá, sem reynt hefir, ekki einu sinni eða tvisvar heldur aftur og aftur, hvað það er, að koma til kunningja og vina og biðja þá að vera með hinu fegursta og bezta máletni, að hafa álitnið þá svo andlega proskaða, að þeir mundu feginshendi taka bón vorri og leggja fram krafta sína, en fá þá hálfgjört nei eða algjört nei, og mega snúa frá þeim sneyptir, og játa fyrir sjálfum sér, að vonirnar góðu, sem vér byggðum á þeim, hafi að engu orðið, játa fyrir sjálfum sér,

að þessir menn, sem þeir treystu og trúðu á, væri þá —*tuskur líka*, staði miklu lægra, en þeir höfðu álitit.

Á yngri árum lékum vér oft leik, sem Skjaldborg nefnist. Efnir 15—16 menn slógu hring um einn, kræktu saman olnbogum, svo að hvergi varð hlið á. Einn var svo inni í hringnum og átti að komast út. Hinir máttu hrinda honum og vildu oft berja hann með höfðunum og öxlunum og krækja hann með fótunum, en með höndunum máttu þeir ekki snerta hann. Þegar menn eru að berjast fyrir þessu máli voru, þá er eins og menn sé í skjaldborg, og reyni menn að hlaupa á skjaldborgarvegginn, þá standa á manni skallarnir og höúturnar og fætturnir, lyfti maður sér upp á axlir eins eða tveggja, þá er slegið um mann fótunum, maður er dreginn niður í hringinn og liggur þar undir fótum allra, en þeir hlægja dátt yfir sigri sínum. Svo þegar búit er að sparka hann nokkuð, sem inni er í skjaldborginni, þá sjá þeir aumur á honum og losa honum að komast upp. Byrjar svo allt aftur á sama hátt, þeir krasa hann undir sig, stinga við honum öxlunum, slá hann með sköllunum, þangað til hann liggur flatur aftur, og verður loksins alveg uppgefinn, því það er mjög hart, að komast út úr skjaldborg, ef að harðsnúnir menn eru í hringnum. —

Eg segi yður það satt, að oft þegar eg hefi verið að reyna að fá einn eða fleiri menn eða hóp af mönnum í félag vort, þá hefi eg þegar í byrjun fundið þennan skerandi sting í hjartað. Þennan nístandi helkulda fara um mig allan. Eg hefi orðið fyrir svo mörgum þessum árekstrum, að eg veit það vel, hverju er að mæta. Það má nú segja, að eg ætti að vera orðinn vanur við það. En mér finnst það einhvern veginn sárara, því oftar sem það kemur fyrir.

Það hefir oftlega verið sagt, að málefni unitara væru í mesta blóma, þeir væri í uppgangi miklum og hefðu aldrei staðið betur en nú. Það getur vel verið, að svo sé, en mér finnst þeir hægfara. Í svona löguðum hreyfingum er fyrsti spretturinn vanalega harðastur, svo þurfa menn að blása og hvíla sig. En bara að hvíldin verði þá ekki of löng, verði ekki að svefni, sem menn seint eða aldrei vakni upp af. Öllum félögum og fyrir-

tækjum er hætt, þegar fyrsti hitaspretturinn er búinn. Unitörum er hætt, þrátt fyrir allan blástur. Eg veit ekki hvort það þarf meira en drepa hendi við unitarismus meðal landa, svo hann falli, og þá dregur hann niður með sér allar hinar gullnu vonir þeirra, sem mest hafa fyrir máletninu barist, alla þeirra þrá og löngun eftir meiri andans göfgi, þá *slokkna allir* þeir neistar, sem vér ætluðum að lifga með elskuna til sannleikans. Þá slokkna ljósinn öll, sem vér ætluðum að lýsa með sjálfum oss og vinum vorum, sem vér á endanum ætluðum að láta loga fyrir öllum löndum vorum, þá verður dimmt fyrir augum vorum. en unitarismus liggur sem hálfrotið *lra* fyrir fótum vorum, og kyrkjan sparkar í það og hlær, og landinn sparkar í það og hlær og sjálfir vér troðum það fótum vorum og spörkum engu minna en aðrir, og það er vort eigið afkvæmi, sem þessi hörmung hefir yfir komið.

Það er vonleysi, sem oss baggar, bæði mér og öðrum, vér sjáum svo lítið ljós í kringum oss. Vér vitum að vér eigum að lyfta oss upp í hæðirnar, því að göfgi andans myndast æfinlega við það, að hafa háar hugsjónir, hreinar og elskulegar. Hinn göfugi maður horfir einlægt upp á við, hann reynir að búa sér einlægt til fegurri og fegurri fyrirmynd, sem hann eigi að ná, hann reynir einlægt að kasta meira og meira burtu frá sér öllu því, sem dregur hann niður, öllu hinu lága og óhreina, allri hræsninni, fláttskapnum, óhreinleikanum og tvöfeldninni, hann reynir að leita sannleikans betur og betur, hann reynir að gjöra hugsjónir sínar með hverjum deginum fegurri og fegurri, hann reynir að gjöra líf sitt elskulegra og elskulegra, og hann reynir að láta aðra sjá þessar hinar fögru, hreinu og elskulegu sjónir sínar. Jafnframt og honum lukkast þetta, verður þráin hjá honum sterkari og sterkari eftir meira ljósi, eftir meiri andans fegurð og hreinleika, eftir ennþá elskulegri fyrirmynd, hann er einlægt á ferð upp á hæðir andlegrar göfgi. Honum finnst hann einlægt vera kominn svo stuft, hann vill komast hærra og hærra. Stundum heldur hann, að hann sé kominn upp undir brúnina, og hann herðir sig alt hvað hann getur, en þegar þangað kemur, þá sér hann að þetta er þá hóll einn í miðri hlífðinni, brúnina

sér hann langt fyrir ofan sig ljómaða upp af geislum kvöldsólarinnar. Hann leggur enn aftur á stað, því að þessi óviðráðanlega þrá leiðir hann áfram, og þó að taki brún við af brún, þá heldur hann einlægt áfram, því að einlægt verður þessi fagra mynd sem dregur hann, fegurri og fegurri, elskulegri og elskulegri. Það er eins og ætli hann aldrei að ná henni, en einlægt heillar hún hann meira og meira. Hann verður miðaldra, gráhærður, örvasa, og einlægt verður mynd þessi skýrari og skýrari fyrir sjónum hans. Hann verður blindur, og sér hana þó, og verður einlægt lukkulegri og lukkulegri yfir, að hafa hana nálægt sér; í andarslitrunum finnur hann lokkana hennar leggjast um vanga sér, og brennandi af gleði stígur hann seinast sporið yfir þröskuld dauðans.

Það er skorturinn á mönnum með þennan hugsunarhátt; sem veldur því að vér ströndum. Þeir eru til meðal unitara, menn, sem vilja hugsa og breyta á þessa leið, en þeir eru of fáir. Ef að þér leitið vel, þá kunnið þér að finna einn eða tvo eða fleiri, ef þér farið þá á réttan stað. Og eg hef öllu fremur fundið votta fyrir þessum hugsunarhætti hjá mönnum með rekuna í hendinni, heldur en hinum með stífuðu flibbana og blönkuðu skóna, hjá mönnum, sem að meiru eða minna leyti búa sér til hugmyndir sínar sjálfir, fremur en hjá þeim, sem taka þær frá öðrum.

Ef að vér viljum nú fara að bera þennan hugsunarhátt saman við það, sem er, þá megum vér undrast yfir því, að unitarismus meðal Íslendinga skuli hafa hangið uppi allt til þessa. Að minnast á það er eins og slái menn köldu vatni í sjóðheita lifandi glóð, það þýtur upp reykur og svæla, svo oss liggur við andköfum, svo illur er daunninn af ófögnudi þeim. — Hvar ströndum vér? spyrja menn og líta upp sjónlausum augum, og segja að vér ströndum á þverúð og fjandskap, á mótróðri og undirróðri kyrkjunnar og hennar rétttrúuðu manna. Ekkert því líkt á sér stað. Þann sjóinn höfum vér siglt og ætíð búist við að sigla, hann hefir sín sker og sína brimgarða, en það brýtur á skerjunum, svo að hægt er að sjá þau og varast.

Það, sem vér ströndum á, er sundurgerðin og tvöfeldnin.

sérplægnin og eigingirnin, hrokinn og sjálfsþóttinn, hugleysið og smásálarskapurinn; vér ströndum á kuldanum, afskiftaleysinu og kæruleysinu. Og hvert eitt einasta af atriðum þessum sýnir það, að vér ströndum ekki nógu hátt á andlegu þroskastigi. Eg tala ekkert um vitsmuni vora. Þeir standa oss ekki í vegi. Það er ekki þar, sem strandið er. Það var einu sinni sagt um fornan merkan landa vorn: „Enginn frírr þér vits, en grunaðr ertu um græsku.“ Og hefir þetta orðtak verið haft um margan merkan Íslending síðan, og finnst mér það eiga vel við fjölda þeirra.

Vér ströndum —vér vitum það vel— á frjálslyndu mönnunum, sem ekki vilja vera með oss, á mönnunum, sem hafa rannsakað og prófað trúarbrögðin, sem hafa haft nóga greind og skilning og hreinskilni til að sjá í gegnum hina heilögu blæju, sem dregin hefir verið fyrir augu manna, en sem einhverra hluta vegna hafa ekki viljað vera með oss, og sumir álitid, að þeir væru komnir svo langt á undan oss, að þeir gætu ekki verið að tefjast við draga oss í bandi á eftir sér. Oftlega eiga þessir menn það sammerkt, að þeim finnst ekki nein skylda liggja á herðum sér, að lyfta undir baggann með oss. Eða þeir hafa þá dregið svo af sér, að hjálp þeirra hefir ekki orðið að neinu gagni. Vér ströndum á frjálslyndu mönnunum, sem ekkert vilja annað, en rífa í sundur, sem hlægja að tilraun vorri að reyna að vera að halda saman þessum litla unitarahóp. Vér ströndum á frjálslyndu mönnunum, sem vilja ganga einir sér, sem hugsa að eins um sjálfa sig, og eru svo ósköp hróðugir og hreyknir yfir því, hvað þeir standi hátt, er þeir hafi kastað burt allri þessari heimsku, öllum þessum hindurvitnum, og álíta það fyrir neðan sig að reyna að opna augun á bræðrum sínum og systurum og sýna þeim, hvað er fagurt og gott og elskulegt. Og

vér ströndum fyrst og síðast og fremur öllu öðru á okkur sjálfum, unitörunum. Hvað hefðum vér ekki getað gjört, ef að vér hefðum allir unnið sem einn maður. Ef að hver og einn hefði lagt fram allt sitt bezta, ef að hver og einn hefði þá kostað kapps um, að láta þetta sitt bezta þá vera verulega gott. Eg gjöri engar undantekningar hvorki á leikum né lærðum. Hvað

hefðum vér ekki getað gjört, ef að vér fyrst og síðast hefðum kostað kapps um það að lyfta anda vorum, fegra hugsjónir vorar, kasta öllu því sem dregur oss niður, hefðum vér hafið göngu vora upp á tindana, í staðinu fyrir að síga undan, niður brekkuna, neðar og neðar, þangað til vér ströndum í djúnunum, fenunum og foræðunum. Ef að hver unitaþi hefði gjörst postuli hreinleikans, ágætisins, sannleikans og fegurðarinnar, — eg segi yður það satt, vinir mínir, að vér hefðum sópað öllu fyrir oss, rétt eins og Japar sópa Rússum fyrir sér um völlu Manchuriu. En það er öðru nær, en svo sé, því að fenin halda fótum vorum. Vér stöndum ekki nógu hátt, það er hluturinn, sem veldur því að oss gengur svo erfitt, að byggingin vor leikur öll á reiðiskjálfi eins og muni hún hrynja yfir oss og grafa oss undir rústum sínum. Og hverjir eru það aðrir en sjálfir vér, sem völdum þessum hristing og skjálfta á byggingu vorri? Eg sé ekki, að kyrkjan gjöri neitt verulegt að hrista hana. Hún kastar máske smáköggjum við og við, en þeir ættu sannarlega ekki að gjöra henni mein. Já ef að vér förum, að bera oss saman við hina lúthersku, þá sjáum vér, að þrátt fyrir allar þeirra ramvitlausu kenningar, er það spurning mikil, hvort vér stöndum þeim nokkuð framar, ef að það verða ekki stundum hausavíxl á því. Hvort finnum vér aldrei hjá sjálfum oss tvöfeldni og flokkadrátt og óhrein-skilni og undirferli, og sundurlyndið—þennan ókost, sem fylgdi forfeðrum vorum frá Noregi? Eða þessa sofandi deyfð, sem í seinni tíð hefir fylgt löndum, og er afleiðing af þrælkun og sulti um mörg hundruð ár. Þetta hlýtur þá að liggja í því, að lútherskir standa ofar en kenningar þeirra, en vér aftur stöndum neðar en kenningar vorar. Eða hvernig erum vér samtaka?—Mér sýnist stundum sem vér höldumst á og reynum að draga hver af öðrum, rétt eins og værum vér á kaðli og reyndum af alefni að draga allt hvað hægt væri. Hinir, andstæðingar vorir, standa í fylkingu, og verður hvergi hlið á. Hví getum vér ekki staðið í fylkingu eins og þeir? Eg er sannfærður um það, að ef að þetta allt saman ekki lagast skjótlega, þá er úti um unitara hreyfingu Íslendinga hér. Og er þá ver farið en heima setið.

Menn hafa verið að segja í seinni tíð, að allir Íslendingar

hér vestra væru að verða unitarar, og tilfæra hinn svo nefnda unitarafyrirlestur síra Friðriks á Gimli sem sönnun þess. En að minni ætlan er það fjarstæða mikil. Eftir fyrirlestur síra Friðriks stendur kyrkjan miklu fastara fyrir en áður,— það er miklu harðara að sækja á hana en áður. Og hvað snertir það, að landar sé að verða unitarar, þá veit eg ekki betur en að þeir haldi öllum meginkenningum sínum yfir höfuð, að þeir standi því sem nær alveg á sama grundvelli og áður, nema kannske nokkuð fastara. En þetta kemur oss eiginlega lítið við, þar sem það er lítil von að þeir gangi í flokk vorn að svo stöddu. Það er um sjálfa oss sem oss er skyldast að hugsa, hvort vér séum færir um, að bera og flytja og taka á móti unitarismus. Og af 15 ára reynslu verð eg að segja, að eg sé efins um það. Eg veit það vel, og það gleður mig að játa það, að þeir eru margir sem eru færir um það. En eru þeir þá nógu margir, nógu sterkir, nógu samhuga til að mynda hóp?

Já, eg veit það vel, að þeir eru margir, sem finna til þess, að skipið unitara er ganglaust, og sjá ekkert annað en kolsvarta niðarþokuna í kring um sig, og út úr ráðaleysinu fara þeir svo að hugga sig með þessu, að allir Íslendingar sé að verða unitarar. En þeim kemur ekki til hugar sú hin stóra spurning, hvort það sé *mögulegt*, hvort það sé *hugsanlegt* með nokkru móti. Menn mega ekki hafa þá hugmynd, að það sé nóg til að verða unitari, að kasta einu eður öðru atriði trúarbragðanna, eða það sé að vera unitari, að trúa ekki á nokkurn hlut. Þeir menn skilja ekki, eins og mennirnir, sem eg minntist á hér að framan, og svo gæta þeir ekki þess, að rætur rétttrúnaðarins og lútherskunnar liggja svo djúpt í eðli og hugsunarhætti landans, að það þarf reglulega byltingu til þess, að losa um þær. Eg segi yður það satt, vinir mínir, að ennþá er eltir hjá löndum kenningin um friðþægingu og fyrirgefninguna fyrir blóðið, kenningin um réttlætingu og endurfæðingu og helgun, já, meira að segja, kenningin um innblástur og óskeikulleika, jafnvel eilífa hegningu. Blessaðar sálirnar eiga svo bággt með að sleppa þeirri hugsun, að óvinir þeirra muni sitja æpandi og veinandi í eilífum þóslum. Eg sagði að það væri lítt hugsandi, og fyrir mínum

augum er það óhugsandi, að allir Íslendingar hér væru að verða unitarar. Dæmi til slíks höfum vér ekki séð hjá nokkurri þjóð. Eg býst við að það eigi nokkuð langt í land, og þó vér gjarnan vildum óska þess, að svo væri, óska þess að landar vorir væru öllum öðrum fremri, þá höfum vér litla, of litla ástæðu til þess, að ætla það að svo stöddu.

Lítum vér nú yfir sögu vora og reynslu, þá sjáum vér það, að stundum í hita hreyfingarinnar fengum vér heila hópa með oss, það var þá eitthvert atriði málsins, sem hreif þá, og þeir vildu gjarnan reynast og vera hreinir og ærlegir menn, en svo voru þá margir af þeim, sem ekki skildu til fulls, hvað verið var að fara í fyrstu, og þeir drógust smátt og smátt aftur úr og dattu úr sögunni. Aðrir fylgdust með oss nokkuð á leið, en þá kom einhver torfæra fyrir eða þeim fannst leiðin of brött, settust niður og hvíldu sig. Sunir urðu þá svo þreyttir, að þeir sofnuðu, summa langaði heim aftur, og einlægt týndist einn og einn og tveir og tveir úr hópnun. Stundum komu þó nýir menn í staðinn, en eftir góðan sprett þá fór þeim líkt og hinum. Hún vildi mæða þá brekkana sú, sem vér vorum að ganga. Og nú eru stórum færri menn í félagi hinna íslenzku unitara, en áður voru. Og víða eða víðast, þar sem eg þekki til, eru þeir, sem ennþá hanga í hópnun, búnir að týna voninni um það, að þeir nokkurn tíma muni komast upp á þessa brekku, sem fyrir ofan þá er. Mér kemur nú til hugar viðureign Rússa og Japa, sem allur heimur hefir horft á með undrun mestu, enda sjá menn þar hina snörpustu sókn og vörn, sem sést hefir í sögu mannkynsins. Rússar sitja fyrir á ramgirtum vígum á hólum og klettum, en Japar sækja á. Það dynur á þeim skothriðin, og fellur einn við annars hlið. Engum þeirra kemur til hugar að setjast snöktandi niður við fyrstu brekkuna eða stelast skriðandi burtu, heldur renna þeir á brekkurnar, kljúfa upp hamrana, hanga þar með tánum og gómunum, og upp fara þeir æfinlega, þó að alskipuð sé brúnin óvinum þeirra, og vanalega láta þeir þá kné fylgja kviði, þegar upp kemur. En Japar eru einstök þjóð, þeir lifa fyrir hugmyndir, berjast fyrir þær, og eru fúsir til að deyja fyrir þær.

Þetta kann ekki landinn, og eg held honum verði það mjög erfitt og seinlært.

Eg skal segja ykkur eitt, vinir mínir. Það er í rauninni siðferðileg barátta, sem vér verðum að hefja. Fyrst var baráttan rannsakandi, vitsmunaleg, að reyna og prófa, hvað væri satt. Síðan, þegar það er fundið, þá verður hún siðferðisleg, að halda við þann sannleika, sem maður hefir fundið, að gefa sig allan honum á vald með lífi og sál.

Hvað er sá maður, sem breytir á móti því, er hann álitur sannast og réttast? Eg veit ekki betur, en þeir menn séu jafnan kallaðir ódrengir. En nú sjáum vér bæði gamla og unga breyta alveg öfugt við sannfæringu sína. Börnin, sem alast upp í unitarafróðleik og vita vel um það, hvað kyrkjan er að kenna, kasta frá sér allri sinni þekkingu, vilja ekki heyra rannsókn eða frjálsa trú nefnda, en ganga yfir í sauðahús hinna „réttrúðu“. Af hverju kemur það? Það er einhvern veginn meðfætt í öðli þeirra um márga ættliðu af áþján og hugleysi, og svo hitt, að þau læra það af hinum eldri, sem hópum saman hafa þann hugsunarhátt, að það sé bezt að vera með fjöldanum, vera þar sem gullið glóir, þar sem þeir ætla að virðingar fylgi. Kyrkjan þiggur allt, eins og hún æfinlega hefir gjört, hún klappar lof í lófa og hlær í kamp sér, þegar fátáðlingarnir krjúpa að stóli hennar. Það er hlutverk vort, að reyna að bjarga þeim frá sjálfum sér, þessum mönnum, reyna að sýna þeim sannarlegt manngildi, sýna þeim, *að betra er dauður að liggja, en ræfill að vera*. Vér þurfum að sýna þeim þetta í öllu voru dagfari, í öllu voru daglega lífi, sýna þeim það í dag og á morgun, sýna þeim það í allri vorri daglegu sambúð hver við annan, sýna þeim, að vér séum menn, sem æfinlega má treysta.

Hún þarf að vera siðferðileg, baráttan, vér þurfum að sýna það í öllu voru lífverni, að þessar nýju hugmyndir lyfti oss upp á við, en dragi oss ekki niður. Vér þurfum að láta þær koma fram í kærleikanum, umburðarlyndinu, í glaðlyndi, vinfestú og trygð. Ekki með því að sýta og gráta. Grátur og volæði munu aldrei bjarga eða endurleysa heiminn. Hefdur með því, að reyna að gjöra hver öðrum lífið svo bjart og elskulegt, sem vér getum.

lyfta þunganum, sem hvílir á herðum samferðamanna vorra. Byrðin er fullþung, þótt vér aukum hana ekki með ótta helvítis eða volæðissálmum. Það væri sannarlega gleðilegt, ef að menn mættu hugsa til þess, að hinir rétttrúðuð klerkar á endanum yrðu að setta sig við það, að lesa vítisbull og þylja feiknstafi sína yfir sjálfum sér og máské fáeinum útvöldum, sinnulitlum, sálardaufum kvennrolum.

Vinir mínir, þér sem með mér hafið barist ár eftir ár, og liðið með mér súrt og sætt, þér sem með mér hafið lifað í vonunum, hugmyndunum, þér sem hafið svo oftlega fundið spjótin standa á yður, þér sem svo oftlega hafið verið með mér í skjaldborgarleiknum, og hafið með mér orðið að mæta ómildum fótum, ómildum höndum og ómildum dómum fyrir tryggð yðar við sannleikann, fyrir tryggð yðar við réttan málstað, við göfuga hugsjón og hugmyndir; eg spyr yður: er það virkilega svo, að allt sé úti, er það virkilega svo, að ofan á allar þær hörmungar, sem vér höfum orðið að þola, skuli einnig bætast brostnar vonir, dauðar hugsjónir? Er það virkilega svo, að svefninn landa vorra sé svo þungur, að ekki sé hægt að vekja þá? Eða eigum vér eins og Birkibeinar hinir íornu á dögum Sverris konungs, að leggja út í einn leiðangurinn enn? Oft voru þeir barðir, Birki-beinar, en einlægt risu þeir upp aftur með nýju fjöri, nýju þreki og von, sem enginn hlutur í heiminum gat sigrað, og á endanum unnu þeir, og voru þó engar líkur til þess í fyrstu. Vinir mínir, oss fellur það sárt, það er sem sverðin nísti sálir vorar, þegar vér reynum það, að þeir, sem ættu með oss að vera, gjörast liðhlaupar og snúast í móti oss, eða eru svo liðléttir, að þeir eru oss gagnslausir, en eg skal segja yður það, að það gjörir anda vorn göfugri að þola það. Það er ekkert á við sorgina og mæðuna og þrautirnar að hreinsa og göfuga anda mannsins. Og ef að þér viljið ráðast í það ennþá einu sinni, að leggja skeiðinni frá landi, þá skulum vér hlaða hana öllu því bezta, sem vér eigum, öllum vorum göfugustu hugmyndum, öllum vorum fegurstu hugsjónum, öllum vorum sterkustu vonum, og vér skulum þá reyna að sigla beint, ekki krókana, ekki lækka seglin, ekki hirða um, þó að dálítið sjóði inn um keipana á hléborða. Munið þér hvað

hann Þráinn Sigfússon sagði, þegar hann hleypti frá Noregi seinast?— „Látum gamminn geysa, gjörr at Þráinn vægja.“— Það er ekkert, sem ætti að standa í vegi vorum. Það er þetta eina, sem jafnan ætti að vera vakandi fyrir huga vorum, að leita sannleikans, að leita hins hreina, fagra og háa. Vér þurfum að vekja, skal eg segja yður, nýja andans öldu. Fyrir þúsund árum þótti hinum norrænu forfeðrum vorum það gullinu betra, já, betra en metorð og fé, betra en vinátta og hylli konunga og jarla, betra en virðing og völd, meira að segja betra en bardaga frægð, að heita góður drengur. Að sýna drengskap og dád var það æðsta takmark, sem nokkur maður gat náð. Það var hugsjón, sem réði lífi hinna beztu þeirra. Svo kom deyfðin og svefninn, og það var eins og hún sykki meira og meira niður í óminnisdjúp, þessi hugsjón. Og einlægt meira, eftir því sem aldir liðu og kristni og kross og hörmungar ótal slettust með bjargþunga yfir hana og færðu hana dýpra og dýpra niður í óminnishafið. Vér þurfum að kenna mönnum, sýna mönnum, hvað það sé, að vera hreinir og ærlegir drengir, sem vilji leita sannleikans, en hafna lýginni, sem í sannleika meira en að nafninu tómu hati lýgina, hræsina, óhreinleikann og tvöfeldnina, sem ekki sé eitt í dag og annað á morgun, sem vilji forðast það sem mestu smán og svívirðu, að vera unitarar í dag en lútherskir á morgun, sem fyrirlíti þann hugsunarhátt, að standa hjá og horfa á bróður sinn barinn. Já, drengir, gaman væri að sjá hana rísa, þá hviku, og unitarasnekkjuna vora með sköruðum skjöldum renna hátt á hviku þeirri undir fullum seglum, og þá skyldum vér ekki lækka seglin, þó að þyngdi á taununum, ekki þó að þeir skærust inn í herðar vorar, heldur miklu fremur hrópa: Látum gamminn geysa, gjörr at Þráinn vægja.

ENDIR.



Er materialism að útbreiðast?

[ADSENT]

Hinum fræga rithöfundi, Dr. Goldwin Smith í Toronto, farast þannig orð í blaðagrein nýlega um trúbragðalega ástandið í heiminum:

„Það er naumast hægt að neita því, að milli biblíurannsóknanna á aðra hönd og hinnar afarþýðingarmiklu uppgötvunar Darwins á hina, þá er materialism í hinum vísindalega og heimspakislega skilningi —jálæg eða neileg— að útbreiðast. Þess er krafist af oss að minnsta kosti, að vér byggjum nýjan grundvöll undir vort andlega líf, undir traust vort á rödd samvitzkunnar, undir vonir þær sem vér kunnum að hafa alið í brjóstum vorum um áframhaldandi líf handan við gröfina, undir traust vort á guðlegri stjórn alheimsins. Vér getum ekki lengur trúað, að samsafn hinna ýmislegru hebresku rita, mörg þeirra af óvissum uppruna og aldri, sum auðsjáanlega goðfræðislegs efnis, sé guðleg opinberan. Né heldur er nokkuð að leggja upp úr þeirri viðleitni, sem reynir að leysa úr vandanum með því, að geta þess til að guðdómurinn í viðskiftum sínum við mennina hefði þurft að laga sig eftir framþróunarlögmáli Darwinskenningarinnar.— Af guðspjöllunum hefir rannsóknin að eins þyrmt karakter og kenningum Jesú, sem fæddi af sér kristindóminn, hvað svo sem getgátum um eðli hans líður. Áreiðanleik, samtíðleik, samræmi ritanna getum vér ekki lengur trúað. Vér getum ekki lengur einlæglega viðurkennt sannanirnar fyrir holdtekjunni, skírgetnaðinum, kraftaverkunum, upprisunni, eða álitni, að þannig viðburðir hefðu verið valdir til þeirrar opinberunar, sem átti að verða ljós heimsins. Þar að auki þegar syndafallið er að eins goðasögn, eins og það er nú álitni yfirleitt, þá hverfur nauðsynin fyrir holdtekjunni og endurlausninni, og með því falla trúarsetningar og kenningakerfi kristindómsins.

Vér verðum að játa með hryggð, að vitnaleiðslan er hrunin til grunna, ekki að eins hvað hin opinberuðu trúarbrögð snertir, heldur líka —því miður— hvað viðkemur trúbrögðum byggðum

á skoðun náttúrunnar (Natural religion).— Sönnun Butler biskups fyrir ódauðleikanum, grundvölluð á hinn aðskildu tilveru sálarinnar sem veru andaðri í líkaman við fæðinguna og leystri frá honum við andlátid, hefir verið sópað burt af breytiþróunar-kenningunni.

Guðstrúin sjálf hefir verið alvarlega vefengd, og röksemda-leiðsla, byggð á sönnunum á alheimslegri gæzku, sem höfundar „Bridgewater“ ritanna álitu sannfærandi, dugir nú — því miður-ekki lengur. Það reynir á mann, að sleppa öllu þessu, en að eins með því að kasta öllu fyrir borð, sem óverjanlegt er, getum vér siglt inn í höfn sannleikans. Nú stendur maðurinn, ef til vill í fyrsta sinn í sögunni, uppi með skynsemina óstudda, óháða opinberunum og erfikenningum gagnvart leyndardóm sinnar eigin og alheims tilverunnar. Sé nokkuð svipað dæmi til í sögunni, væri það helst afstaða heimspekinganna grísku. En þeir voru börn í vísindum, þeirra alheims ígrundanir voru að eins sniðugar ágizkanir. Við siðfræðina lögðu þeir rækt, en á hennar svæði létu þeir sig ekki alvarlega varða þau spursmál, — ef þeir annars létu þau varða sig nokkurs — sem mest gagntaka hugi vora nú. Þar að auki voru þeir ekki lausir við áhrif erfðakenninga guðstrúarinnar. Sókrates tilbað guð ríkisins, og fórn-aði Æsculapi. Lítið mun finnast í gömlu grísku heimspekinni, sem kemur oss að haldi við vorar nútíðar rannsóknir.

Hugsun-rómversku stóíkanna gekk út á, að umskapa karaktér einstaklingsins. Ekki er heldur mikla aðstoð að finna í heimspeki Voltaire tímabilsins. Það átti sér engan Darwin. Það var mjög stælugjarnt og skorti þess vegna stillingu og viðsýni. Svo var, hvorugur þeirra, Voltaire eða Rousseau, óháður guðstrúararfðakenningunni. Eins og vér munum staðhæfði Voltaire, að guðhræðslan væri nauðsynleg til að vernda líf vort, og hann reisti kyrkju með þessari yfirskrift: „Deo erexit Voltaire“, sem myndi ef til vill hafa orðið „Voltaire Exexit Deus“, ef hann hefði sagt það, sem hann meinti.

Enginn ætti að nálgast þetta spursmál með léttúð. Enginn getur hugsað svo, að frá félagslegu sjónarmiði jafnvel gjöri það ekkert til, hvort dauðinn bindi enda á og slái svörtu stryki yfir

allt, hvort samvizkan sé bara hugarburður. Getur verið að Dr. Osler hafi rétt að mæla, þegar hann staðhæfir, að flest fólk hugsí lftið um annað líf. Getur líka verið, að það sé sumpart af því, að kenningin um annað líf hafi verið flutt á þann hátt, sem enginn gat botnað í, og í ósamræmi við réttlætis og viðkvæmnis tilfinningar manna. Samt sem áður hefir trúin verið við lýði, og einnig myndugleiki samvizzkunnar.

Kyrkjurnar eru mikilvægar stofnanir í voru mannfélagi, og á þessari trú hvíla þær. Vaninn og almenningsálitið mun halda þeim við,— eru líklega nú að halda mörgum þeirra við, eftir að virkileg trú er horfin. Þær kannske færast — eins og sumar þeirra eru nú að færast— í áttina til að verða „social“ samfundir, meira eða minna andlegs eðlis, undir forustu prests. Áhrifin, jafnvel kannske siðferðislegu áhrifin, munu haldast við um tíma eftir að ákveðin trú er horfin, en allt þetta hlýtur að hafa sín takmörk. Sem betur fer er rannsóknin orðin alvarleg, stillileg og umburðarlynd. Kannske henni takist að fá hið völduga „germ-plasm“ að slá af hinum takmarkalausum kröfum sínum, og gefa áframhaldandi andlegu lífi rúm, með öllum þeim vonum, sem geta verið því skynsamlega samfara. Ný trúarbrögð óháð erfikenningum geta enn fæðst.“



Þrjú kvöld í Winnipeg.

BROT ÚR SKÁLDSÖGU EFTIR

Snæ Snæland.

II.

(ÁFRAMHALD)

Þetta sama kveld stóð svo á, að nokkrir Íslenskir innflytjendur komu til Winnipeg. Fólkið streymdi í hópatali, fylkingum og breiðum, gangandi, hlaupandi, keyrandi, á strætisvögnum og

á reiðhjólum, allt að fagna hinum nýkomnu vinum og vanda-
mönnum til fyrirheitna landsins. Eg lenti í þeirri för. Þá fann
eg Láru. Eg hafði séð hana vestur í landi nokkru áður. Hún
sagði mér þá ágrip af veru sinni. Fyrst lenti hún í vist, sem
eldabuska, féll illa, leiddist, komst smátt og smátt niður í enska
málinu, svo hún gat gert sig skiljanlega. Svo vildi hún breyta
um til batnaðar, fór í hótelsvist, sem mörgum þótti þá, að frami
væri að mun. En svo féll henni sú atvinna eigi til lengdar og
fékk atvinnu á þvottahúsi. Sá starfi þykir ungum stúlkum frjáls-
ari en vistirnar og ótakmarkaður vinnutími. Nú var hún nýhætt
þeim starfa, og farin „að ganga út í sauma“, eins og það er
nefnt í borginni. Hún lét vel af líðan sinni. Auðvitað sagðist
hún finna glögg, að hún væri að tapa heilsunni, en hún drap á,
að hún ætti fáeina dali á sparibankanum, sem hún hafði með
elju og sparsemi dregið saman. Já, sussum, sussum, henni leið
vel, og þakkaði fyrir að hafa komist til Ameríku. Það væri þó
munur eða agðast í kvíjunum og forarkeldunum á Íslandi, verst
væri heilsuleysið á flestu kvennfólki í þessu landi. Svo giftist
nú sumt og kæmist í góða stöðu sem húsmæður. En eitthvað
væri það samt. Ekki væri allt með feldu, þegar alls og alls væri
gætt. — Eg kenndi í brjósti um hana með sjálfum mér, en
gerði henni lítið. —

Ja, og svo — og svo stóðum við þarna augliti til auglitis á
meðal innflytjendanna. Það hafði flökkuagent komið með þá
að heiman. En hvílk þó sjón! Hún verður mér lengst í minni.
Illt þótti þegar við komum, en hvað var það hjá þeim kjörum,
sem þetta fólk kvaðst hafa átt. Flest af því var meira og minna
vanheilt eftir langa og harða útivist. Fáeinir voru settir í sótt-
vörð austur í Quebec, og tveir höfðu týnst af lestinni að austan.
En vesalings ungbörnin, nábleik, með hvítar varir og þunga
djúpa dauðahryglu í litla, skinhoraða hálsinum — og liðin lík
næsta morgun í fanginu á úttauguðum, grátbólgnum mæðrum,
sem grétu síðustu blóðugu tárunum yfir þessum saklausu smá-
barna píslarvottum. Það er enginn ógæfumaður, sem enginn
hefir illt af, er fornt orðtæki. Mér fannst það vera of átakan-
lega satt og skerandi þarna. Hver Heródes var í þessu tilfelli,

læt eg ósagt, en hann var ekki á meðal þessara ómála saklausu þíslarfórna.-- Eg flýtti mér burtu frá þessari hryggðarsjón og viðbjóðssýningu. Eg staðnæmdest í tröppunum. Gamall maður talaði til mín, hann var einn úr hópnum. Hann spurði mig eftir einhverjum vini sínum, sem eg þekkti ekki lifandi vitund. Hann hafði marg sagt honum að koma, og hann skyldi taka á móti honum og hans. En nú fannst hann hvergi, kom ekki, sást ekki. Mér kom til hugar, að þessi gamli maður hefði sömu örlögnum að sæta sem eg, það sem viðtökuna áhrærði hjá vini hans. Það var myndarbóndi, þessi Barði, og konan hans líka. Sömuleiðis fimtán ára gömul stúlka og tólf ára gamall drengur, börnin þeirra. Hann kvaðst hafa komist vel áfram á Íslandi,— átt góða jörð, búið góðu búi, en aukaútsvörin, hreppsþyngslin, sífaxandi hefði rekið sig vestur um haf. Og svo fastar eggjanir að koma, einkum vegna barnanna, þessara tveggja barna, er þarna stóðu hjá foreldrum sínum, heilsuleg og efnismikil sýnum. Hvað átti eg að hugsa um allt þetta? Hvað var líklegast, að lægi fyrir þessu fólki? Auðvitað má segja eitt og allt og ekki neitt. En það var engin útskýring. Eg varð feginn að grufna um það, til að hrinda sjóninni í innflytjenda komponum úr huga mínum.— Þessi bóndi verður aldrei það, sem hann væntir eftir. Hann fer út í einhverja nýlendu, lítur eftir landi, sinn ráðleggur honum hvað, og hann er ókunnur, veltir ákvörðunum og framkvæmdum fyrir sér, þar til að hann hefir eytt þessum fáu dölum sem hann hefir sveitst fyrir um dagana. Nógir agentar og farandsalar og fleiri og fleiri koma skildingum hans á sparisjóðinn, í eyðsluna. Eða, ef bezt lætur, eignast hann fáeina gripi, kemst í járnbrautarnefnd í nýlendunni, og kemur á fund stjórnarinnar og járnbrautarfélagsins. Það er ein upphefðin. Ef hann er trúmaður og auðsveipur kyrkjunnar, þá kemst hann máské svo hátt, að vera kosinn vara-kyrkjuþingsmaður. Það er hin upphefðin. Máské líka að konan hans veikist eða dóttir hans eða sonur, og þá flytur hann auðvitað í bæinn, í borgina, til lækna-anna og sjúkrahússins. Ókunnur atvinnulaus fer hann með sög og sagtrönur, gengur eftir bakgötunum, lendir í sviftingum við hunda og ketti, og þakkar sínum sæla fyrir, að komast ómeidd-

ur frá þeim ófögnuði. Lífsþráin kólnar dag frá degi, fjörið og kjarkurinn fölnar og frýs, og mókið og myrkrið fellur á sálu hans. Að síðustu miskunnar dauðinn sig yfir hann og hylur hann í skauti sínu.

Niðurlag næst.

Mikli maðurinn undirstaða menningarinnar.

FRUMSAMID OG ÞÝTT.

Eftir SIGTRYGG AGÚSTSSON.

Það virðist næsta kynlegt, að þegar maður fer að lesa og eftir megni leitast við að skilja og brjóta til mergjar verk ýmsra merkustu nútíðar rithöfunda, svo sem Rénans, Flauberts og Nietzsche, að þrátt fyrir hið ólíka framsetningarform þessara höfunda, þá skulu þeir allir komast að einu og sömu niðurstöðunni um það, hvað sé markmið sögunnar, að þrátt fyrir mjög svo mismunandi orðfæri, virðast þeir allir hafa sömu skoðun og hugsun til brunns að bera, nefnilega þessa: *Markmið mannkynsins er, að framleiða mikla menn.*

Auðvitað er það, að þegar menn viðhafa eða nota orðatiltæki eins og „markmið sögunnar eða mannkynsins“, þá er það ekki gert í orðsins yfirgrípsmestu merkingu, því að það er raunar ekki hægt að nota þannig löguð orðatiltæki nema óákveðið og ágizkandi, því þau eru eins og ýms þess konar orðtæki orðin úrelt og stafa frá hálfgoðsagnarlegum uppruna. Vér þekkjum t. d. ekki ýmsar orsakir og afleiðingar í náttúrunni eða sögunni, vitum helzt ekki hvert markmið mannkynsins er, það er að segja við vitum ekki, að hvaða endimarki tíminn stefnir, eða hvort um nokkurt endimark er að gera. Þar á móti getum við greint eða að minnsta kosti þykjumst sjá djarfa fyrir markmiði því, er hinn menntaði hluti mannkynsins stefnir að.

Það var Rénan, sem fyrstur sinna samtíðarmanna lét eina af persónunum í samtölum sínum taka þannig til orða: „Aðalárangurinn af starfi mannkynsins á að vera sá, að framleiða mikla meann..... Frelsisins er að eins að vænta frá mikla manningum.“ Auðsjáanlega hefir hann þá með orðinu „markmið“ átt við hið ákjósanlegasta, eftirsóknarverðasta. Viðbótin „Frelsisins er að vænta“ o. s. frv. bendir einnig á það, að tvikli maðurinn á ekki einungis að lifa sjálfum sér. Markmiðið þýðir því hið *æðsta, göfugasta, ágætasta*, sem hægt er að öðlast.

Gegn aðalhugsuninni í þessu hafa komið fram þannig löguð mótmæli: Þar sem nú mikli maðurinn er takmarkið, þá komast menn þessir í mótsögn við sjálfa sig, þar sem þeir segja, að hann sjálfur hafi takmark, því hann sé þá að eins verkfæri, sem vinni að yfirgrípsmeira takmarki, en hann er sjálfur.

En allt slíkt er að eins hugsanavilla. Maðurinn er *mikill* eða *litill* vegna þess sem hann er. Af andlegt eða efnislegt innan mannfélagsstofnunarinnar og á hana verkandi. Það er því ekki hægt að flysja manninn frá verkum hans, frekar en stjórnuuna frá geislum hennar.

Tökum t. d. Leonardo. Þegar hann málaði, þá var fullkomnunin í listinni takmark hans, en fullkomnunin í verkinu var ein og hin sama og hans persónulega fullkomnun. Hann skoðaði sig ekki sem verkfæri, er einn út af fyrir sig yrði aðnjótandi nautnarinnar, sem listin í verkinu hafði í sér fólgn, og sem síðan hefir orðið fjölda manna og öllum heiminum að ómetanlegu gagni. Þetta getur maður t. d. séð á ýmsum trúarbragða höfundum, svo sem Buddha, Jesú og Múhamed. Jafnvel svo eldheitur sannkristinn maður eins og Sören Kirkegaard sagði, að kristindómurinn hefði í rauninni aldrei komist inn í heiminn, að eins til nokkurra af postulunum. Fyrir hann er Jesús algjörlega kristindómurinn. Haraldur Höfðing segir í síðfræði sinni, að það sé til menn, er enga siðgæðistilfinningu hafi, og þurfi hennar heldur ekki við, því það sem þeir gjöri, það gjöri þeir af fús- um og frjálsum vilja, án þess nokkuð að meta gildi sinna eður annara gjörða. Þeir geta unnið að listum, vísindum, í þjónustu mannfélagsins eða þess þjóðfélags, sem þeir eru meðlimir á.—

Og enn fremur segir sami höf., að til sé menn, sem strái ljósi, gleði og yl í kringum sig að eins með því, að vera til. Miklu mennirnir, sem eiga að vera hið eftirþráða takmark mannkynsins, gera einmitt þetta.

Það eru því einmitt þeir menn, hverra verk eru eitt og hið sama og þeir sjálfir, sem eru markmið sögunnar, það er að segja svo framarlega sem það er ekki einvörðungu markmiðið, að framleiða siðferðislega fullkomna menn. Það er því réttilega tekið fram í siðfræði Höfðings, að hið siðferðislega takmark viljakraftarmannsins geti ekki álitist sem aðalmarkmið alheimsfrámþróunarinnar.

Aðalkjarninn í þessari kenningu eða skoðun er því sú, að það geti engin aðgreining átt sér stað með mikla manninn, sem takmark og meðal. Goethe getur aldrei þýtt Goethe nema ásamt verkum hans. Hann orkti ekki hin mörgu smá ástakvæði sín „fyrir fólkið“, heldur vegna þess, að hann varð að yrkja þau, þó þeir, sem lesa þau og skilja, hafi skemmtun af þeim.

Ekki er þó svo að skilja, að verið sé að kasta nokkrum skugga á fjöldann með kenningu þessari.

Hver einstaklingur á skilið hluttekningu. Hver einstaklingur hefir sitt gildi sem maður, og í raun og veru sjerstakt manngildi, eftir því undir hvaða kringumstæðum hann lifir. Þrátt fyrir það, að margir af mestu mönnum heimsins hafa látið í ljós lítilsvirðingu fyrir fjöldanum, þá hafa þeir ekki þar með meint, að neita mannréttindum almúgans. Goethe sagði, að tjöldinn gæti gefið þung og mikil högg, en dómgreind hans væri aumkunarlega veik. Schiller sagði, að hver einstaklingur hafi svona þolanlega skynsemi, en þegar þessir einstaklingar komi saman í hóp, verði þeir undir eins að heimskingjum. Þegar merkisberum menningarinnar þykir nauðsyn til bera, að velja ávallt fleiri og fleiri af fjöldanum til ýmissa þýðingarmikilla starfa, þá er þessi nauðsyn eða þörf talandi vottur um hið smávaxna manngildi fjöldans, og eins hætta sú, er mótstaða hans getur verið mikla manningum, þá hann einkum og sérstaklega hefir velferð hans og hamingju fyrir augum, því það er velferð og hamingja

hans, sem hefir staðið flestum hinna hugsandi manna samtíðarinnar fyrir augum sem markmið sögunnar eða mannkynsins.

J. Stuart Mill segir t. d. í einum stað í bók sinni „Utilitarianism“, að það sé betra að vera óánægður maður heldur en ánæggt dýr, betra að vera óánægður Sókrates heldur en ánægður heimskingi. Eg tek hér undir með Mill, og held því fram, að það sé ekki einungis betra heldur langtum hamingjusamara, því hinn sterkasti móttækilegleiki sorga og andstreymis er ekki of há borgun fyrir aukið göfgi og gildi alls lífsins. Að vísu hittir Mill hér ekki alveg naglann á höfuðið, því siðfræðislega talað er ekki spurningin um það, hvort sé betra að vera óánægður Sókrates eða ánæggt dýr, heldur hvor sé hamingjusamari, Sókrates eða dýrið. Það er því ekki of langt gengið, þó maður hér noti orðið „hamingjusamur“ í þess yfirgrípsmestu merkingu, og segi að Sókrates hafi verið hamingjusamari, já, með eiturbikarinn í hendinni. Hann varð fyrir ógæfu, en hann var sjálfur ekki ógæfusamur, því sálarþrek hans var óbifanlegt. Vitri maðurinn á bálinu mitt á meðal loganna er ekki ógæfusamur. Jóhann Húss var það ekki.

Þótt allir læri að lesa og skrifa, og að því leyti hafi jafnan aðgang að öllu því, sem ritað er, þá minnar eigi fjarlægðin milli hinna fáu, sem bera menningu fjöldans á herðum sér, og fjöldans sjálfs, því þrátt fyrir það, að honum miðar smátt og smátt áfram í menningaráttina, þá eru hugsjónir og andlegur þroski stórmennanna allt af svo óendanlega langt á undan fjöldanum.

Það er hægt að benda á ýmsa mikla menn, þar sem mikilleiki þeirra stafar af einhverri sérstakri og óvæntri ógæfu eða af pólitísku ósjálfstæði þeirrar þjóðar, sem þeir tilheyra. Um þannig lagaða menn virðist þeirri spurningu auðsvarað, hvort betra hefði verið, að vera án þeirra eða ekki.

Jóhanna frá Orleance og Bismarck eru dæmin.

Stúlkuna frá Orleance er að eins hægt að hugsa sér undir sömu kringumstæðum, sem hún átti við að búa, nfl. niðurlægingu þá, sem föðurland hennar var fallið í.

Það tjón, sem Englendingar á þeim tíma unnu föðurlandi hennar, virðist nú fyrir löngu bætt, en bóndadóttirin frá Dom-

remy hefir niður í gegnum aldirnar staðið mönnum sem lifand vera fyrir hugskotssjónum bæði á Frakklandi og annarstaðar.

Hvað Bismarck viðvíkur, þá getur maður dáðst að honum sem framúrskarandi stjórnmálagarp, jafnframt því sem sú spurning hlýtur að vakna hjá manni, hvort atferli hans hafi skilyrðislaust verið til hamingju fyrir Norðurláfunu.

Var þá Bismarck til blessunar fyrir Þýzkaland, ef hann alls ekki var mannkyninu yfir höfuð til neins góðs?

Það væri mjög grunnhyggislegt að svara þessari spurningu óhikað játandi eða neitandi.

Niðurlag næst.

Út af þeim mörgu umkvörtunum, sem útgefendum Heimis hafa borist um dráttinn, er orðið hefir á útkomu ritsins, — skal það tekið fram, að dráttur sá hefir ekki stafað af ástæðulausu skeytingarleysi útgefendanna eða prentarans, eins og sumir ef til vill hyggja. Fyrst má geta þess, að ritsjóri Heimis hefir verið svo að segja stöðugt fjarverandi úr bænum síðan í maímánuði í vor, og honum því ekki orðið eins gott til ritfanga eins og ella. Í öðru lagi vita þeir bezt, sem reyna, hverjum erviðleikum það er bundið, einkum fyrstu árin, að halda úti blaði á Íslenzku, sem engan peningastyrk hefir og eingöngu verður að treysta á að meira eða minna leyti óskilvíska kaupendur. Þótt margir af kaupendum Heimis hafi borgað áskriftargjöld sín að fullu og sumir meira en það, þá eru hinir samt allt of margir, sem engin skil hafa sýnt, til þess að gjaldþol blaðsins geti borið þá til lengdar. — Þess skal og getið, að nú síðast hefir drátturinn meðfram stafað af lasleika prentarans og flutningi prentsmiðjunnar, auk þess sem beðið var eftir vissu handriti, sem birtast átti í þetta sinn. Þetta númer er 32 síður í stað 24; næsta verður væntanl. 40 bls. svo þá verða þrjú blöð af venjulegri stærð fengin í tveimur.

Gísli Jónsson.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 síðum á ári og kostar \$ 1 árg. -- Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave. Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Helmir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, 530 Young st. Winnipeg Man.